



**Ávarp
forseta Íslands
Ólafs Ragnars Grímssonar
við setningu sýningarinnar
„Hreyfiafl litanna – Abstraktverk Þorvalds Skúlasonar”
Listasafni Íslands
17. apríl 1999**

Ágætu sýningargestir

Að vera þjóð meðal þjóða er hvorki sjálfgefið né varanlegt hlutskipti sem hægt er að tryggja um aldur og ævi. Að vísu geta rætur í gömlum tíma og arfleifð fjölskrúðugar menningar á fyrri öldum stuðlað að þeirri sjálfsvitund sem er þjóðum nauðsynleg, einkum ef þær eru smáar og eiga á brattann að sækja.

Samt er það svo að nýsköpunin – nýsköpun í listum, menningu og vísindum – hefur í vaxandi mæli orðið mælikvarði á það erindi sem þjóðir eiga í samfélagi heimsins, á það hvort þær eru taldar gjaldgengar, merkisberar æðri gilda, óháð því hvort mannfjöldi þeirra er talinn í þúsundum, miljónum eða miljónahundruðum.

Við Íslendingar höfum löngum sótt þær réttlætningar sem við töldum að best myndu duga í bókmenntir okkar, fornar og nýjar. Og vissulega hafa þær fært okkur einstæða ávinninga og virðingarsess, jafnvel í hugum erlendra aðdáenda nánast goðsagnakennda upphafningu.

Á undanförunum árum hefur sú sannfæring styrkst mjög í huga mér að málverkið sé ekki síður en textinn sá efniviður sem á nýrri öld mun í æ ríkara mæli móta álit og aðdáun umheimsins á sköpunarkrafti íslenskrar menningar – og reyndar gerist það nú þegar með vaxandi hlutverki mynda og hvers konar litverka í miðlun og túlkun á samtímaverkum og viðburðum.

Málverkið er sú listgrein – ásamt tónlistinni – sem þarfnast ekki orða eða lærdóms í móðurmáli verkmannsins.

Málverkið talar sjálf og túlkar. Mælikvarði er sú alþjóðlega snilli sem þjóðir heims hafa smátt og smátt gert að gæðadómi.

Við fögnum hér í dag merkri sýningu á verkum helsta heimsborgarans í íslenskri myndlist á síðari hluta þessarar aldar, frumkvöðuls sem færði íslenska listsköpun á samtímareit, tengdi hana því besta sem Evrópa var þá að eignast.

Með Þorvaldi Skúlasyni varð íslensk málalísta í tíma og rúmi samferða þeim sköpunarkrafti sem umturnaði sýn Vesturlanda á sjálfa sig, lítrófið og náttúruna. Íslensk listsköpun varð í senn sérstök og altæk.

Það má til eilífðarnóns spinna þráðinn í rökræðum um hvenær Þorvaldur sagði skilið við náttúruna og gekk abstraktinu á hönd, hvenær hann yfirgaf höfnina, sjóinn, eldhúsið, gluggann, fjöllin, trén og mannlífið sjálf og lét okkur í té í staðinn samspil flatanna, myndverk litanna einna.

Sjálfur sagði hann reyndar að vatnið, vatnið og speglun þess, hreyfingin, ljósbrotið og ólgan í iðandi yfirborði hafi gefið sér innblástur og sýn sem í túlkuninni varð að veruleika sem við köllum abstrakt.

Hvað er íslenskara en vatnið sjálf? Er það ekki sú síbreytilega sífónía náttúrunnar sem getur af sér jökla og haf, fannbreiður og fallvötn, fossa og spegilslétt heiðalón? Er vatnið ekki æðsti tóngjafi litarins bláa – litarins sem Þorvaldur gerði að heimspekilegum prófsteini á hvað væri list og hvað ekki? Á hreyfiafl litanna sér ekki fyrst og fremst rætur í framrás náttúrunnar –er abstraktið æðsta form á sjónhverfingu sköpunarverksins?

Það var sagt að Þorvaldur Skúlason hafi verið hugsuðurinn í hópi þeirrar snjöllu sveitar málara sem færðu Íslendingum nútímann. Og vissulega eru verk hans áhrifaríkur vitnisburður um snilligáfu listamannsins. Samt er Þorvaldur svo margbrotinn að hann verður aldrei skilinn til hlítar, verður um ókomna tíð uppspretta nýrrar sýnar á okkur sjálf, stöðu Íslands í umheimi listarinnar.

Sýningin sem birtist okkur hér í dag er kærkomið tilefni til að njóta Þorvalds á ný en jafnframt horfast í augu við þær ögranir sem hann jafnan færði þjóð sinni.

Það er mér í senn heiður og ánægja að opna sýninguna „Hreyfiafl litanna – Abstraktverk Þorvalds Skúlasonar”.